

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## Sorpstöð Rangárvallasýslu Strönd



<b>Dags eftirlits</b>	7.12.2017	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Steinunn Karlsdóttir
<b>Fyrirtæki</b>	Sorpstöð Rangárvallasýslu	<b>Eftirlitsmaður</b>	Gottskálf Friðgeirsson
<b>Heimili</b>	Suðurlandsvegi 1	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið seinna eftirlit
<b>Kennitala</b>	6008932469	<b>Flokkur</b>	Úrgangur og efnamóttaka
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Ágúst Ingi Ólafsson	<b>ÍSAT nr.</b>	38.21.0
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Ómar Sigurðsson	<b>Staðsetning</b>	690508,452 590016,913

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Í eftirlitinu kom fram eitt nýtt frávik er varðar að girðingin í kringum svæðið er léleg, jafnframt var eitt gamalt frávik var staðfest það varðar að úr sér gengin ökutæki eru ekki öll á olíuheldu plani.

### UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir starfsleyfið og skiladaga skv. því.

Tölur um magn úrgangs fyrir árið 2016 sem komu fram í skýrslu um skráningar frá rekstraraðila eru misvísandi. Annars vegar eru þar tölur frá rekstraraðila yfir það magn úrgangs sem tekið er á móti á urðunarstaðnum og hins vegar tölur frá Gámaþjónustunni, á þessum tölum er mismunur upp á 800 tonn. Í eftirliti kom fram að magntölur frá Gámaþjónustunni saman standa af magni úrgangs sem þeir koma með til rekstraraðila en jafnframt úrgangi sem þeir taka af svæðinu og flytja annað. Rekstraraðila var bent á að í skýrslunni ættu einungis að vera skráður sá úrgangur sem berst á urðunarstaðinn. Í síðasta eftirlit var einnig gerð athugasemd við að magntölur úrgangs fyrir 2016 (bárust 6. júní sl.) en þar er gerð grein fyrir að viðarúrgangur frá byggingar- og niðurrifsstarfsemi, alls 173 tonn sé urðað (fargað) á staðnum. Í eftirlitinu kom fram að rekstraraðili hafði fyllt skýrsluna vitlaust út og átti þessi úrgangur að skrást sem önnur endurvinnsla.

Rætt var um breyttar skráningar á magni úrgangs sem hefjast nú í janúar nk. Rekstraraðili hefur ekki hafið undirbúning við að útfæra hvernig breyttar skráningar eigi að fara fram. Hvatt var til þess að sú vinna færi sem fyrst af stað. Jafnframt var minnt á að skil á skráningum á magntölum, útstreymisbókhalda og öðrum skráningum í lið 5.1 í starfsleyfi fyrir undangengið almanaksár eigi að fara fram fyrir 1. maí ár hvert. Mælingar fyrir árið 2017 hafa borist eftirlitsaðila nema fyrir breytingar á umfangi urðaðs úrgangs. Í skýrslu um skráningar kemur fram að í starfsleyfi sorpstöðvarinnar sem tók gildi 16. mars 2016 sé farið fram á slíkar mælingar. Í skýrslunni er lagt til að þær fari fyrst fram haustið 2017, eftirlitsaðili minnir á þessar mælingar.

Rætt var um takmarkaðan aðgang að urðunarstaðnum. Það kemur fyrir að losaður sé úrgangur fyrir utan hlið þegar urðunarstaðurinn er lokaður, slíkt er þó ekki algengt. Við athugun kom í ljós að girðing um urðunarstaðinn þarfnast viðhalds og liggur á köflum hálfvegis niðri.

Búið er að kurla trjá- og timburhauginn sem safnast hefur upp á undanförunum árum. Enn er eitthvað ókurlað en vegna sands og grjóts var ekki hægt að klára hauginn alveg. Rekstraraðili hefur fengið leyfi frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands til þess að fara í landmótun á svæðinu og að nota timbur sem blandað er jarðvegi til þess að gera manir.

Í síðasta eftirliti kom fram að framkvæmdum við olíuhelt undirlag fyrir bíla og tæki væri lokið og að það væri með niðurfall í lægsta punkti og tengt olúskilju. Í eftirlit var ekki búið að færa alla bíla og tæki upp á planið.

Rekstraraðili er ekki með áætlun vegna fræðslu og endurmenntunar starfsmanna. Nú í desember hófu tveir nýir starfsmenn að vinna hjá rekstraraðila en þeir vinna sem bílstjórar við sorphirðu og flutninga. Eftirlitsaðili minnti á að nýir starfsmenn sem og aðrir þyrftu að hafa nægilega þekkingu á öllu starfi sorpstöðvarinnar til að hægt væri að fylgja kröfum starfsleyfis s.s. á umhverfismarkmiðum og ákvæðum um endurnýtingu og endurvinnslu.

Farið var um svæðið. Umgengni og aðbúnaður á svæðinu hefur batnað til muna frá fyrra ári en tiltekt á svæðinu er ekki lokið, sbr. bíla sem ekki eru upp á olíuheldu plani. Rekstraraðili er hvattur til að klára tiltekt á svæðinu og halda því snyrtilegu.

#### Frávik frá

#### Lýsing á fráviki

Gr. 1.2 í starfsleyfi

Í gr. 1.2 í starfsleyfi er ákvæði um að tímabundin geymsla á úr sér gengnum ökutækjum, eða á öðrum olíusmituðum úrgangi fari fram á malbikuðu eða steypu yfirborði með niðurfalli í lægsta punkti, sem tengt er við olíuskilju. Ökutækin á svæðinu hafa ekki öll verið fær upp á olíuhelt plan.

Gr. 2.1 í starfsleyfi

Skv. gr. 2.1 í starfsleyfi skal aðgangur að svæðinu vara takmarkaður og svæðið afgirt með girðingu sem hindrar aðgang manna og skepna og hindrar ólöglega úrgangslosun. Girðing um svæðið liggur að hluta til niðri.

#### ATHUGASEMDIR

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 27.12.2017

*Steinunn Karlsdóttir*

Steinunn Karlsdóttir